



06.02.2013


## FRÉTTIR AF OKKUR Í TÍLEFNI AF DEGI LEIKSKÓLANS

### Veist þú að í Tjarnarskógi

- \* ERU 172 BÖRN & 48 STARFSMENN
- \* ERU FLEIRI STÚLKUR EN DRENGIR—93 STÚLKUR & 79 DRENGIR
- \* ERU FLEST BÖRNIN FÆDD ÁRIÐ 2010
- \* ERU 46 KONUR & 2 KARLMENN Í STARFSLIÐINU
- \* ERU TÖLUB ÝMIS TUNGUMÁL S.S. ÍSLENSKA, ÞÝSKA, SÆNSKA, SPÆNSKA, ENSKA, PÓLSKA & SERBÓKRÓ-ÁTÍSKA
- \* ER LEIKURINN OKKAR HELSTA NÁMSLEIÐ
- \* LÆRUM VIÐ FYRIR LÍFIÐ.. FÉLAGSFÆRNI, SAMSKIPTI, TUNGUMÁL, SJÁLFRÁUST O.M.FL.

### HVAÐ ER DAGUR LEIKSKÓLANS ?

Dagur leikskólans er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla. Tilgangurinn er að auka jákvæða umræðu um leikskólann, vekja umræðu um hlutverk leikskóla og starf leikskólakennara og kynna starfsemina út á við.



*Ég í maganum á mömmu. Svo varð ég reið og þá komst ég út*

*Ísold Emma 3,11 ára Lundi*

### Á FERÐ & FLUGI Á DEGI LEIKSKÓLANS

Við í Tjarnarskógi ætlum að vera sýnileg í samfélaginu okkar í dag. Við ætlum að heimsækja ýmsa staði, segja frá því sem við erum að gera og jafnvel syngja eða sprella eitthvað í leiðinni. Árgangur 2007 fer í heimsókn á bæjarskrifstofurnar og ná tali af Birni bæjarstjóra. Árgangur 2008 ætlar að skoða Menntaskólann og kynna starfið hjá okkur um leið. Einnig ætla þau að líta við á vini sína hjá HAS og syngja nokkur lög fyrir þau á sjúkradeildinni. Árgangur 2009 ætlar að kíkja við á Stólpa og skoða starfið þar sem og að segja frá okkar verkefnum. Árgangur 2010 ætlar að sprella á Vilhjálmssvelli og jafnvel að kíkja í Tjarnargarðinn.

### KÁTIR KRAKKAR Á KJARRI

Krakkarnir á Kjarri hafa verið dugleg að æfa sig með litana og þekkja nú flestir grunnlitina. Við höfum verið að æfa okkur í samverustundum og í hópavinnunni.

Samverustundir hafa verið skemmtilegar því við höfum verið að æfa okkur í framsögn og hefur ýmislegt spaugilegt gerst og verið sagt í þessum stundum. Það er gaman að heyra frásögnina hjá þessum snillinum. Margir hafa sagt frá því sem gert er á helgunum, s.s. farið í hjólatúra, sveitiferðir og sumir strákar voru í bílaleik með pabba.



## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ VERÐA ÞEGAR ÞÚ ERT ORÐIN/ORÐINN STÓR ? (SPURT Á HAMRABÆ)

Katrín Jökla

Vera bóndi með pabba mínum!

Sigfús Arnar

Kappakstursmaður !

María Anna

Bara mamma !

Þórhallur Ási

Vinnumaður laga hús og kofa líka gera allt !

Hólmar Snær

Lögga !

Valgeir Már

Slökkviliðsmaður

Birkir Ívar

Vera Birkir Ívar og vinna í vinnunni hans pabba.

Heiðrún Líf

Solla stírða

Hafdís Anna

Ég er nú ekki búin að ákveða það.

Ríkey Anna

Sollu leikari!

Katla Lind

EKKI búin að ákveða mig !

Kjartan Óli

Kannski bara 70 ára !

Brynjar Pálmi

Ég ætla að verða

kappakstursmaður og keppa í útlöndum!

Rakel

Prinsessa

Ástrún Júnía

Bæði kennari og

leikkona

María Anna

Leikritakona

Róbert Þorri

Vinnumaður

Arnar Freyr

Bara að vera skólakennari þar sem mamma vinnur og

kenna hjá Magnúsi.

Ágúst Bragi

Mig langar að vera kennari hér !

Romani

Policeman/

Lögreglu maður




Árgangur 2008 fer reglulega í heimókn til vina sinna á sjúkradeild HSA

## HVAÐ GERA LEIKSKÓLAKENNARARNIR (SPURT Á RJÓÐRI)

- Veit það ekki
- skeina manni
- kennarar sópa
- leika sér
- þeir tala og segja sitja á rassinum
- þeir ráða
- hjálpa manni
- mála á blað
- fara út og spyrja hvort einhver meiddi sig
- kennarar leika í tafli
- stjórna
- tipla með tám, augum, fótum
- spila

## HVAÐ GERIR ÞÚ Í LEIKSKÓLANUM (SPURT Á RJÓÐRI)

- Leik mér og svo kemur mamma að sækja mig.
- Bara eitthvað að leika mér og drasla til.
- Leik mér og baka.
- Ég leik mér, les bók, fer í samverustund, mála, púsla og fer út.
- Púsla og spila – ekkert meira.
- Leik mér með pús, kubba, spil.
- Ég var að lesa bók í leikskólanum, púsla, spila og leika við Ellen.
- Leika mér við Árnýju Birnu, púsla, leika við Ellen og leika við Jóhannes – en hann er heima bara – hann elskar mig.
- Skoða bók, spila, púsla, klippa og að leika í salinn
- Ég er að skoða bækur – bílabók
- Hoppa og ég þrila og dett á dýnu og ég púsla, spila og skoða bók og ég fer í hvíld og ég veit ekki meir.
- Að leika mér. Það er gaman í salnum. Ég er að hlaupa og svo segir maður takk fyrir.
- Hlaupa, kollhnís, hoppa á einum fæti.



Sjálfsmynd


Kristófer Heiðar 4,7 ára  
Lundi



Að borða þorramat



Að mála Krumma



## LJÚFLINGARNIR Á LAUFI

Á Laufi eru 18 börn sem eru fædd 2010 og 2011. Það eru mjög duglegir og hugmyndaríkir krakkar sem eru dugleg að leika sér og syngja og dansa. Í janúar héldum við okkar árlega Þorrablot og í tengslum við það sungum við Þorrabraelinn og Krummavísur. Einnig unnum við verkenfi sem fólst í því að skoða Krumma. Við fengum Krumma í heimsókn til okkar sem á heima í Grunnskólanum og er þetta mikill heiðurs Krummi og mjög virðulegur. Við máluðum myndir af Krumma og gerðum okkur flottar kórónur til þess að nota á Þorrablotinu okkar. Haldin var mjög flott þorraskemtun í salnum undir stjórn Heiðu og Guðnýjar. Svo fengum við Þorramat í hádeginu sem smakkaðist misjafnlega vel. Við skreyttum ganginn hjá okkur með Krummamyndum og bjuggum til Krumma sem við fórum með inni sal.

*Eyjólfur Mar og Emma Ástrós að skoða Krumma*



## GILDI TJARNARSKÓGAR

### Virðing

Við berum virðingu fyrir okkur sjálfum sem og öðrum og virðum trúnað.

### Gleði

Við leggjum áherslu á leik og gleði í starfi

### Fagmennska

Við höfum metnað fyrir því starfi sem hér er unnið. Það sem við gerum vel og af heilum hug skilar sér í faglegu og metnaðarfullu starfi.

### Samvinna

Við höfum samvinnu að leiðarljósi í starfinu. Að starfsfólk, foreldrar og börn vinni saman sem ein heild að settu marki.

## DRAUGASAGA

Einu sinni fyrir langa löngu kom einn draugur úr hellinum sínum og drepti suma krakka. Krakkarnir dóu og breyttust í engladrauga. Svo kom stríð, kindurnar fóru inn í hús og voru að reyna að forða sér frá draugunum. Svo kom nóttin þá komu allir draugarnir inn til kindanna og borðuðu þær. Þá kom veiðimaður skaut drauganna og þeir dóu ekki af því að skotið fór í gegnum þá. Kusurnar hræddu litla lambið sem dó ekki.

*Vorur aðeins að ræða um drauga í kjölfarið af þessari umræðu sem spannst. Börnin voru spurð hvort þau vissu hvað draugur væri. Svörin voru draugar eru hvítir, þeir eru ljótir, þeir eru vofur.*

*Höfundar börnin á Hamrabæ samið í kjölfarið á umræðu um drauga sem spannst þegar verið var að tala, um myrkrið á „Degi myrkurs“.*

## SKRÍTIN SKILABOÐ TIL ALLRA Á SKÓGARBÆ/TJARNARBÆ

Í byrjun janúar fengum við skritin bréf inná deildina hjá okkur. Þau voru frá Álfhildi álfadrottningu. Við vorum búin að fréttu af því álfarnir notuðu áramótin til að flytja og að þeir ættu oft fjársjóð sem þeir flyttu með sér. Það voru því spennir krakkar sem klæddu sig í útifötin þann morguninn til þess að fara að leita af fjársjóðinum sem Álfhildur skildi eftir handa okkur. Þennan dag var líka vasaljósadagur hjá okkur sem var mjög heppilegt þar sem við fórum af stað í myrkrinu. Álfhildur lét okkur gera allskyns kúnstir. Hún skildi eftir vísbendingar sem leiddu okkur um allan Tjarnargarðinn og alltaf þurftum við að hneigja okkur að álfasið fyrir framan hverja

vísbendingu. Við mynduðum kóra og sungum fyrir hana, gengum sérstakar leiðir og gerðum ýmsar kúnstir. Hún gaf okkur meira að segja óskasteina í fallegum óskjum og allir fengu að óska sér. Að lokum fundum við fjársjóðinn. Álfhildur var búin að skreyta óskjur og í þær setti hún afskaplega fallegar bækur um tröll. Þær voru óskaplega fallegar og vorum við öll mjög spennt að heyra tröllasögurnar frá Álfhildi. Nýju tröllabækurnar voru líka byrjunin á bókaþemanu okkar þar sem krakkarnir fá bókaþema heim með sér og velja eina sérstaka bók til að koma með og kynna fyrir hópnum. Það er rosalega gaman og spennandi

að vera „Bókaormur dagsins“. Í tilefni af bókamánudinum okkar var okkur svo boðið að kíkja í heimsókn á bókasafnið í grunnskólanum. Það var rosa spennandi að fara í fyrstu heimsókn þangað og fengum við mikið hrós fyrir það hvað við vorum þægur og duglegur hópur.



Hneigt sig að álfasið




“Bókaormur dagsins”



Hópur í heimsókn á bókasafninu í Egilsstaðaskóla. Sigurbjörg les drekasögu fyrir krakkana.



Sjálfsmynd  
Kristey Fönn 3,5 ára



### Brandarinn

Einu sinni var tómatgur sem þufti að fara yfir götu. Þá keyrði bíll yfir tómatinn. Og þá breyttist hann í tómatósu...

Inga Sól, Helgi Magnús



Að fá að gera sjálf/sjálfur skiptir sköpum fyrir sjálfseranssóð...



FLOTT ERU ÞAU BÖRNIN Á BARRI, MEÐ HÓFUÐFÖTIN SÍN Í TILFNI KOMU ÞORRANS

skolinn.is/skogarland



Fjölbreytt efni virðir örvar leikinn og þroskar skynfærni



Að vera örugg þringgur á nýjum stað með nýju fólki er fyrsta verkfærið á leikskólanum



Það er gott að hvíla sig eftir máttun



Að dafna góða leikfélaga og flönd fyrirmyndir eykur orðaforða og samskiptahæfni

## Ég get !!

Þau eru mörg viðfangsefni sem við fáumst við í leikskólanum en eitt af því mikilvægasta er að byggja upp góða og sterka sjálfsmynd. Við á Lyngi höfum verið að æfa okkur undanfarið í að gera sjálf og þannig ýta undir sjálfstraustið. Við getum nefnilega svo ótalmargt....bara ef við fáum tíma, leiðbeiningu og hvatningu til að gera sjálf....



## RANNSÓKN Í ÚTIVERU - SKRÁNING FRÁ LUNDI

Um daginn þegar snjórinn byrjaði að bráðna í garðinum okkar, veltum við á Lundi fyrir okkur birtu, skugga, frosti og hita. Upp úr þessum þælingum spratt líka þetta skemmtilega vísindaverkefni þar sem klakinn og snjórinn varð aðalmálið; Hvert fer snjórinn og klakinn? Hvers vegna bráðnar hann? Hann bráðnar í lófanum, skyldi hann bráðna inni ef við geymum hann í bakka? Sjáum við hann bráðna? Gerist það hratt og heyrst eitthvað? Þetta var dásamlega skemmtilegt verkefni, börnin á Lundi eru svo klár og hugmyndarík. Hér fyrir neðan má sjá myndir frá þessu skemmtilega og fróðlega verkefni.



Inga Sól fann cinn sem var gagnsær



Ísold Emma velti fyrir sér loftbólunum inni í klakanum.



Arnar Harri var mjög upptekinn af ljósbrotinu í klakanum.



Steinrún Harpa komst að því að maður sæi miklu betur í gegn um klakann ef maður sleikti hann aðeins fyrst.



Krakkarinn vildu komast að því hvert loftbólurnar og klakinn færu í hitanum inni í húsi, svo við ákváðum að gera tilraun. Litur fingur höfðu gaman af því að fíkta í köldum klakanum og snjónum sem strax byrjaði að klökkna í hitanum. Sveinn, María Mekkín, Inga Sól og Harpa Lif.



Klakinn bráðnaði smám saman í litlum höndum. Þau vissu fljótt fyrirfram að klakinn umbreytist í vatn, en hessa voru þau þegar þau sáu loftbólurnar hvergi í vatninu. Í vatninu í bakkanum var aðeins sandur í lok tilraunarinnar



EYRÓFATHI

Takk fyrir okkur  
Með kveðju frá öllum í Tjarnarskógi

A